



ÁRSSKÝRSLA

2012

Húsafriðunarnefnd

Húsafriðunarnefnd skiptist annars vegar í fagnefnd þar sem situr einn fulltrúi tilnefndur af Arkitektafélagi Íslands, einn fulltrúi Sambands íslenskra sveitarfélaga og þrír án tilnefningar, skipaðir af mennta- og menningarmálaráðherra, og hins vegar í stofnun sem fer með þá stjónsýslu er varðar meðferð húsverndar á Íslandi. Í lögum um húsafriðun er kveðið á um hlutverk, ábyrgð og skyldur þessara eininga en verkaskipting milli þeirra er ekki nánar skilgreind. Forstöðumaður Húsafriðunarnefndar (stofnunarinnar) hefur virkað sem framkvæmdastjóri fagnefndarinnar, sem hefur sinn formann.

Í húsafriðunarnefnd eiga sæti Páll V. Bjarnason arkitekt, sem er formaður nefndarinnar, Gunnþóra Guðmundsdóttir arkitekt, sem er varaformaður, Snorri Freyr Hilmarsson leikmyndateiknari, Margrét Leifsdóttir arkitekt og Eva María Jónsdóttir dagskrárgerðarmaður.

Varamenn eru þau Júlíana Gottskálksdóttir forstöðumaður Listasafns Einars Jónssonar, Sigurður Einarsson arkitekt, Magnús Skúlason arkitekt, Lilja Gunnarsdóttir og Magnús Karel Hannesson sviðsstjóri hjá Sambandi íslenskra sveitarfélaga.

Þjóðminjavörður hefur seturétt á fundum nefndarinnar.

Húsafriðunarsjóður

Húsafriðunarnefnd stjórnar húsafriðunarsjóði, en hlutverk sjóðsins er að veita styrki til viðhalds og endurbóta á friðuðum húsum og mannvirkjum og til húsa sem hafa menningarsögulegt og listrænt gildi að mati Húsafriðunarnefndar. Sjóðurinn styrkir einnig verkefni sem stuðla að rannsóknum á íslenskum byggingararfi og útgáfu rita um hann.

Húsafriðunarnefnd úthlutar styrkjum úr húsafriðunarsjóði samkvæmt reglugerð um sjóðinn.

Starfssvið Húsafriðunarnefndar

Húsafriðunarnefnd starfar samkvæmt lögum um húsafriðun nr. 104/2001. Tilgangur laganna er að varðveita íslenska byggingararfleifð sem hefur menningarsögulegt gildi. Hlutverk Húsafriðunarnefndar er að stuðla að varðveislu byggingararfs þjóðarinnar. Því hlutverki sinnir hún með margvíslegum hætti, m.a. með því að:

- móta stefnu í húsverndunarmálum,
- meta hvaða hús er rétt að friða hverju sinni og gera um það tillögur til menntamálaráðherra,
- fara yfir umsóknir um breytingar, viðhald og endurbætur á friðuðum húsum,
- hafa eftirlit með friðuðum húsum og þeim framkvæmdum sem nefndin styrkir,
- gefa álit á áformum um breytingar, flutning eða niðurrif húsa sem reist eru milli 1850 og 1918,
- stjórna húsafriðunarsjóði og veita úr honum styrki samkvæmt úthlutunarreglum sjóðsins,
- halda skrá yfir friðuð hús í landinu,
- veita ráðgjöf og fræðslu um viðhald og varðveislu gamalla húsa,
- stuðla að gerð húsakannana og útgáfu þeirra,
- standa fyrir byggingarsögulegum rannsóknum og útgáfu rita um þær.

Forstöðumaður Húsafriðunarnefndar er Nikulás Úlfar Mátsson arkitekt. Með honum starfar Guðlaug Vilbogadóttir fornleifafræðingur.

Kirkjur Íslands

Ritröðin Kirkjur Íslands er grundvallarrit um friðaðar kirkjur á Íslandi þar sem horft er á kirkjurnar frá sjónarhóli byggingarlistar, stílfræði og þjóðminjavörslu. Í máli og myndum er fjallað um kirkjurnar sjálfar ásamt kirkjugripum og minningarmörkum. Frá upphafi hafa Húsafriðunarnefnd, Þjóðminjasafn Íslands og Biskupsstofa í samvinnu við Hið íslenska bókmenntafélag staðið að útgáfunni auk annarra samstarfsaðila. Gert er ráð fyrir að fullbúin verði ritröðin 27 bindi sem lokið verði við að gefa út árið 2015.



Nikulás Úlfar Másson forstöðumaður Húsafriðunarnefndar, Margrét Hallgrímsdóttir þjóðminjavörður, Karl Sigurbjörnsson biskup og Þorsteinn Gunnarsson arkitekt skipa ritnefnd og er Þorsteinn jafnframt ritstjóri auk Jóns Torfasonar.



Á árinu 2012 komu út þrjú bindi í ritröðinni, 18., 19. og 20. bindi. Um friðaðar kirkjur í Reykjavíkúrprófastsdæmunum tveimur er fjallað í átjándi og níttjándi bindi. Í fyrra bindinu fjallar séra Þórir Stephensen um fornar kirkjur í Reykjavík auk þess sem sagnfræðingarnir Gerður Róbertsdóttir og Gunnar F. Guðmundsson, Drífa Kristín Þrastardóttir sagn- og listfræðingur, Júlíana Gottskálksdóttir listfræðingur og arkitektarnir Pétur H. Ármannsson og Þorsteinn Gunnarsson fjalla um Dómkirkjuna, Fríkirkjuna og Kristskirkju. Í seinna bindinu er sagt frá fjórum kirkjum: Laugarneskirkju, Neskirkju, Safnkirkjunni í Árbæ og Viðeyjarkirkju. Höfundar eru séra Þórir Stephensen, Gerður Róbertsdóttir sagnfræðingur og arkitektarnir Pétur H. Ármannsson og Þorsteinn Gunnarsson.



Í desember kom út 20. bindið í röðinni og fjallar það um friðaðar kirkjur í Austfjarðaprófastsdæmi sem nú er hluti af nýju Austurlandsprófastsdæmi: Berufjarðarkirkju, Beruneskirkju, Brekkukirkju í Mjóafirði, Djúpavogskirkju, Eskifjarðarkirkju, Fáskrúðsfjarðarkirkju, Hofskirkju í Álftafirði, Kolfreyjustaðarkirkju, Norðfjarðarkirkju, Papeyjarkirkju og Reyðarfjarðarkirkju. Höfundar eru Hjörleifur Guttormsson, náttúrufræðingur og fyrrum alþingismaður og ráðherra, Júlíana Gottskálksdóttir listfræðingur, Lilja Árnadóttir, fagstjóri munasafns Þjóðminjasafns, Freyja Hlíðkvist Ómarsdóttir, sérfræðingur í munasafni Þjóðminjasafns, og arkitektarnir Guðmundur Gunnarsson, Hjörleifur Stefánsson, Magnús Skúlason og Páll V. Bjarnason.

Áður hafa komið út eftirtalin rit í ritröðinni Kirkjur Íslands:

Rit 1 (2001): Friðaðar kirkjur í Árneprófastsdæmi: Hrepphólakirkja, Hrunakirkja og Tungufellskirkja.

Rit 2 (2002): Friðaðar kirkjur í Árneprófastsdæmi: Hraungerðiskirkja, Ólafsvallakirkja, Stóra-Núpskirkja og Villingaholtskirkja.

Rit 3 (2002): Friðaðar kirkjur í Árneprófastsdæmi: Bræðratungukirkja, Búrfellskirkja, Miðdalskirkja, Mosfellskirkja og Torfastaðakirkja.

Rit 4 (2003): Friðaðar kirkjur í Árneprófastsdæmi: Eyrarbakakirkja, Gaulverjabæjarkirkja, Kotstrandarkirkja, Stokkseyrarkirkja, Strandarkirkja, Úlfjótsvatnskirkja og Þingvallakirkja.

Rit 5 (2005): Friðaðar kirkjur í Skagafjarðarprófastsdæmi: Goðdalakirkja, Hvammskirkja, Ketukirkja, Reykjakirkja, Reynistaðarkirkja, Sauðárkrókskirkja, Silfrastaðakirkja, Sjávarborgarkirkja og Víðimýrarkirkja.

Rit 6 (2005): Friðaðar kirkjur í Skagafjarðarprófastsdæmi: Barðskirkja, Fellskirkja, Grafarkirkja, Hofskirkja, Hofsstaðakirkja, Hóladómkirkja, Knappsstaðakirkja og Viðvíkurkirkja.

Rit 7 (2006): Friðaðar kirkjur í Húnavatnsprófastsdæmi: Árneskirkja, Kaldrananeskirkja, Kollafjarðarneskirkja, Staðarkirkja í Steingrímsfirði, Breiðabólstaðarkirkja, Kirkjuhvammskirkja, Staðarbakkakirkja, Staðarkirkja í Hrutafirði, Vesturhópshólakirkja og Víðidalstungukirkja.

Rit 8 (2006): Friðaðar kirkjur í Húnavatnsprófastsdæmi: Auðkúlukirkja, Bergsstaðakirkja, Blönduóskirkja, Bólstaðarhlíðarkirkja, Hofskirkja, Holtastaðakirkja, Svínavatnskirkja, Undirfellskirkja og Þingeyrakirkja.

Rit 9 (2007): Friðaðar kirkjur í Eyjafjarðarprófastsdæmi: Bakkakirkja, Bægisárkirkja, Glæsibæjarkirkja, Kvíabekkjarkirkja, Miðgarðakirkja, Möðruvallakirkja í Hörgárdal, Ólafsfjarðarkirkja, Tjarnarkirkja, Urðakirkja og Vallakirkja.

Rit 10 (2007): Friðaðar kirkjur í Eyjafjarðarprófastsdæmi: Akureyrarkirkja, Grundarkirkja, Hólakirkja, Lögmannshlíðarkirkja, Minjasafnskirkja, Munkaþverárkirkja, Möðruvallakirkja í Eyjafirði og Saurbæjarkirkja.

Rit 11 (2008): Friðaðar kirkjur í Kjalarnessprófastsdæmi: Hvalsneskirkja, Kálfatjarnarkirkja, Keflavíkurkirkja, Kirkjuvogskirkja, Krýsuvíkurkirkja, Landakirkja, Njarðvíkurkirkja og Útskálakirkja.

Rit 12 (2008): Friðaðar kirkjur í Kjalarnessprófastsdæmi: Bessastaðakirkja, Brautarholtskirkja, Fríkirkjan í Hafnarfirði, Hafnarfjarðarkirkja, Lágafellskirkja, Reynivallakirkja, Saurbæjarkirkja á Kjalarnesi og Vindáshlíðarkirkja.

Rit 13 (2009): Friðaðar kirkjur í Borgarfjarðarprófastsdæmi: Akraneskirkja, Fitjakirkja, Gilsbakkakirkja, Hvanneyrarkirkja, Innra-Hólmskirkja, Leirárkirkja, Reykholtskirkja og Stóra-Áskirkja.

Rit 14 (2009): Friðaðar kirkjur í Borgarfjarðarprófastsdæmi: Akrakirkja, Álftaneskirkja, Álftaártungukirkja, Borgarkirkja, Hjarðarholtskirkja, Hvammskirkja og Stafholtskirkja.

Rit 15 (2010): Friðaðar kirkjur í Snæfellsness- og Dalaprófastsdæmi: Bjarnarhafnarkirkja, Búðakirkja, Helgafellskirkja, Ingjaldshólakirkja, Rauðamelskirkja, Setbergskirkja, Staðarhraunskirkja og Stykkishólmskirkja.

Rit 16 (2010): Friðaðar kirkjur í Snæfellsness- og Dalaprófastsdæmi: Dagverðarneskirkja, Hjarðarholtskirkja, Hvammskirkja, Narfeyrarkirkja, Skarðskirkja, Snóksdalskirkja, Staðarfallskirkja og Staðarhólakirkja.

Rit 17 (2011): Friðaðar kirkjur í Rangárvallaprófastsdæmi: Akureyjarkirkja, Árbæjarkirkja, Breiðabólstaðarkirkja, Hagakirkja, Hlíðarendakirkja, Keldnakirkja, Krosskirkja og Marteinstungukirkja.

FRÍÐUN HÚSA

Inngangur

Aldrei hafa verið friðuð jafn mörg hús á einu ári eins og árið 2012. Að tillögu húsafriðunarnefndar skrifaði mennta- og menningarmálaráðherra undir 39 friðunarskjöl, en það segir þó ekki alla söguna því mannvirkin sem friðuð voru eru enn fleiri. Skýringin er sú að til dæmis var einungis gefið út eitt friðunarskjal fyrir elstu mannvirki Gömlu hafnarinnar í Reykjavík. Friðun þessara mannvirkja og elstu mannvirkja Elliðaárvirkjunar eru dæmi um nýjar áherslur í friðunarmálum, þar sem litið er til atvinnu- og iðnsögunnar og mannvirkja á borð við virkjanir og steinhláðna garða í Reykjavíkurhöfn sem tengjast henni, frekar en einstakra húsa. Þá friðaði ráðherra einnig innra byrði þriggja húsa. Auk þess ákvað

Húsafriðunarnefnd að færa tvö hús til viðbótar á friðunarskrá samkvæmt aldursákvæði laga um húsafriðun.

Á fundi húsafriðunarnefndar 8. ágúst 2012 var forstöðumanni falið að hefja undirbúning tillögu að friðun Núpsstaðar í Fljótshverfi ásamt tilheyrandi menningarlandslagi í samráði við Þjóðminjasafn Íslands og Fornleifavernd ríkisins.

Tillögur að friðun, sem biðu ákvörðunar ráðherra í lok árs 2012:

Fjöltnisvegur 7, Reykjavík (1930)

Steinbæirnir að Klapparstíg 19, Skólavörðustíg 22 og 22a og Sólvallagötu 68

Mennta- og menningarmálaráðherra ákvað að friða eftirtalin hús árið 2012 að fenginni tillögu húsafriðunarnefndar:

Ráðhús Vestmannaeyja, Kirkjuvegi 50 (1927)

Friðað 16. janúar 2012. Friðunin nær til ytra byrðis hússins sem teiknað var af Guðjóni Samúelssyni.



Lagargata 2 (áður Bakkastígur 9), Reykjavík (1884)

Friðuð 1. febrúar 2012. Friðunin nær til ytra byrðis steinbæjarins, sem nefndur hefur verið Garðhús.



Brekkustígur 5a, Reykjavík (1880)

Friðaður 1. febrúar 2012. Friðunin nær til ytra byrðis steinbæjarins, sem nefndur hefur verið Garðbær.



Bakkafliót 1, Garðabæ (1965)

Ytra byrði hússins var friðað í maí 2011. Innra byrði hússins var friðað 1. febrúar 2012. Friðunin nær meðal annars til allra fastra innréttinga og húsgagna, fastra og færanlegra innveggja og hurða, blómagryfju, yfirborðs veggja, gólfefna og klæðinga í loftum. Húsið er hannað af Högnu Sigurðardóttur arkitekt og er ytra form og innra rými talið mynda órofa, listræna heild.



Tómasarhagi 16b, Reykjavík (1893-1896)

Friðaður 8. febrúar 2012. Friðunin nær til ytra byrðis steinbæjarins, sem nefndur hefur verið Litlibær.



Dyngjuvegur 8, Reykjavík (1951)

Ytra byrði Gunnarshúss að Dyngjuvegi 8 var friðað í maí 2008. Innra byrði hússins, sem er að mestu í upprunalegu horfi, var friðað 4. maí 2012.



Fríkirkjuvegur 11, Reykjavík (1907)

Ytra byrði hússins var friðað árið 1978. Innra byrði hússins, sem talið er vitnisburður um hið besta sem gert var á þessu sviði á fyrri hluta 20. aldar, hvort sem um er að ræða frágang á smíðum eða málun, var friðað 30. maí 2012.



Mannvirki Elliðaárvirkjunar í Reykjavík (1920-1978)

14. júní 2012 voru eftirtalin mannvirki friðuð:

Rafstöðvarhúsið í Elliðaárdal (1920-21), Elliðavatnsstíflu (1924-28), Árbæjarstíflu (1920-29) og Þrýstivatnspípu (lögð 1978 í stað pípu sem lögð var árið 1920). Um heildarfriðun mannvirkjanna er að ræða.



Stöðvarstjórahús Elliðaárvirkjunar í Elliðaárdal (1921). Um heildarfriðun hússins er að ræða. Upprunaleg teikning af húsinu er undirrituð af Aage Broager Christensen verkfræðingi við rafstöðina.

Smiðja/fjós í Elliðaárdal (1921). Um heildarfriðun hússins er að ræða.

Hlaða í Elliðaárdal (1932-33). Um heildarfriðun hússins er að ræða.

Straumskiptistöð/aðveitustöð í Elliðaárdal. Um heildarfriðun er að ræða á þeim hluta hússins, sem reistur var árið 1937 eftir teikningum Sigurðar Guðmundssonar arkitekts, án síðari tíma viðbygginga.

Spennistöð við Bókhöðustíg 2A (1921). Um heildarfriðun hússins, sem teiknað var af Guðjóni Samúelssyni arkitekt, er að ræða.

Spennistöð við Vesturgötu 2 (1921). Um heildarfriðun hússins, sem teiknað var af Guðjóni Samúelssyni arkitekt, er að ræða.

Spennistöð við Klapparstíg 7E (1921). Um heildarfriðun hússins, sem teiknað var af Guðjóni Samúelssyni arkitekt, er að ræða.



Suðurgata 26a, Reykjavík (1889)

Friðuð 15. júní 2012. Friðunin nær til ytra byrðis þessa steinhlaðna húss, sem nefnt hefur verið Skólabær.



Bræðraborgarstígur 14, Reykjavík (1880)

Friðaður 18. júní 2012. Friðunin nær til ytra byrðis þessa steinhlaðna húss, sem nefnt hefur verið Bræðraborg.



Bræðraborgarstígur 19, Reykjavík (1896)

Friðaður 18. júní 2012. Friðunin nær til ytra byrðis þessa steinhlaðna húss, sem nefnt hefur verið Miðdalur.



Ægisíða 45, Reykjavík (1882)

Friðuð 13. ágúst 2012. Friðunin nær til ytra byrðis þessa steinhlaðna húss, sem nefnt hefur verið Garðar.



Grandavegur 40, Reykjavík (1845)

Friðaður 13. ágúst 2012. Friðunin nær til ytra byrðis steinbæjarins, sem nefndur hefur verið Steinar eða Steinabær.



Kópavogsbærinn (elsti hlutinn var byggður 1902-1904)

Friðaður 12. október 2012. Friðunin nær til ytra byrðis húsasamstæðunnar. Elsti hluti bæjarins er elsta húsið í Kópavogi og er eitt fárra steinhlaðinna húsa sem enn standa utan Reykjavíkur.



Hressingarhælið í Kópavogi (1926)

Friðað 22. október 2012. Friðunin nær til ytra og innra byrðis hússins, sem teiknað var af Guðjóni Samúelssyni arkitekt.



Drafnarstígur 5, Reykjavík (1898)

Friðaður 22. október 2012. Friðunin nær til ytra byrðis steinbæjarins, sem kallaður hefur verið Norðurbær því húsið er áfast öðrum steinbæ, Suðurbæ (Drafnarstíg 5a). Bæirnir tveir hafa einnig verið nefndir Brekkuholt.



Drafnarstígur 5a, Reykjavík (1876)

Friðaður 22. október 2012. Friðunin nær til ytra byrðis steinbæjarins, sem er kallaður Suðurbær því húsið er áfast öðrum steinbæ, Norðurbæ (Drafnarstíg 5).

Seyðisfjarðarkirkja (1920-1922)

Friðuð 19. desember 2012. Friðunin nær til hússins í heild, þ.e. bæði ytra og innra borðs. Jón G. Jónasson málarameistari teiknaði kirkjuna í núverandi mynd og yfirsmiður var Sigurður Björnsson.



Elstu mannvirkin við Gömlu höfnina í Reykjavík (1913-1945)

20. desember 2012 voru eftirtaldar steinhleðslur friðaðar: **Ingólfsgarður** (1913), **Norðurgarður** (1915), **steinhleðslur við Suðurbugt** (1928-1930), **eystri hleðslu Ægisgarðs** (1932-1935) og **steinhleðslur við Víkina og verðbúðarbryggjur, frá Rastargötu til Bótabryggju** (1940-1945).



Tryggvaskáli, Selfossi (1890-1934)

Friðaður 20. desember 2012. Friðunin nær til ytra og innra byrðis hússins. Tryggvaskáli er elsta húsið á Selfossi.



Skálholtskirkja (1956) og Skálholtsskóli (1970)

Friðað 21. desember 2012. Friðunin nær til innra og ytra byrðis Skálholtskirkju, ytra byrðis Skálholtsskóla auk nánasta umhverfis að undanskilinni yfirbyggingu yfir friðlýstar fornleifar Þorláksbúðar. Hörður Bjarnason arkitekt og húsameistari ríkisins teiknaði kirkjuna en skólann teiknuðu arkitektarnir Manfreð Vilhjálmsson og Þorvaldur S. Þorvaldsson.



Hótel Holt, Bergstaðastræti 37, Reykjavík (1965)

Fastar innréttingar á jarðhæð hótelsins friðaðar 31. desember 2012. Friðunin nær til fastra innréttinga í veitingasal í norðurenda auk hliðarherbergis, í gestamóttöku auk setustofu, í bókaherbergi/koníaksstofu og í ráðstefnu- og veitingasalnum Þingholti í suðurenda.



Holtsgata 41b, Reykjavík (1884)

Friðuð 31. desember 2012. Friðunin nær til ytra byrðis steinbæjarins sem nefndur hefur verið Stórasel.



Ingólfsstræti 23, Reykjavík (1899)

Friðað 31. desember 2012. Friðunin nær til ytra byrðis hlaðna steinhússins og seinni tíma viðbygginga.



Laufásvegur 5, Reykjavík (1880)

Friðaður 31. desember 2012. Friðunin nær til ytra byrðis steinhlaðna framhússins sem nefnt hefur verið Jónshús.



Nýlendugata 9, Reykjavík (1898)

Friðuð 31. desember 2012. Friðunin nær til ytra byrðis steinbæjarins sem kallaður hefur verið Norðurbær og er hluti af Hlíðarhúsabæjunum sem þarna stóðu.



Skildinganes 15, Reykjavík (1874)

Friðað 31. desember 2012. Friðunin nær til ytra byrðis steinhlaðna hússins sem byggt var árið 1874 og seinni tíma viðbygginga. Húsið hefur gengið undir nafninu Reynistaður.



Skólavörðustígur 4, Reykjavík (1883)

Friðaður 31. desember 2012. Friðunin nær til ytra byrðis hússins, sem hlaðið er úr steini.



Vesturgata 50, Reykjavík (1895)

Friðuð 31. desember 2012. Friðunin nær til ytra byrðis steinhlaðna hússins sem nefnt hefur verið Götuhús.



Vesturgata 57, Reykjavík (1882)

Friðuð 31. desember 2012. Friðunin nær til ytra byrðis steinhlaðna hússins sem byggt var árið 1882 og seinni tíma viðbygginga. Húsið hefur verið nefnt Félagshús.



Vesturgata 61, Reykjavík (1881 og 1889)

Friðuð 31. desember 2012. Friðunin nær til ytra byrðis Jórunnarsels sem reist var 1881 og steinbæjarins Litlasels sem byggt var 1889.



Þingholtsstræti 1, Reykjavík (1892-1907)

Friðað 31. desember 2012. Friðunin nær til ytra byrðis steinhlaðna hússins sem reist var árið 1892 og viðbyggingar sem byggð var árið 1907.



Auk friðana ráðherra ákvað húsafriðunarnefnd að færa tvö hús á skrá yfir friðuð hús vegna aldurs þeirra:

Á fundi nefndarinnar 14. febrúar 2012 var samþykkt að setja **Brydebúð í Vík í Mýrdal** (1831) á skrá yfir friðuð hús, sbr. ákvæði 6. gr. laga um húsafriðun um að öll hús sem byggð eru fyrir 1850 skuli vera friðuð. Húsið var byggt í Vestmannaeyjum 1831 en flutt til Víkur 1894.



Á fundi nefndarinnar 15. maí 2012 var samþykkt að setja **Flateyjarkirkju á Skjálfanda** (1897) á skrá yfir friðuð hús, sbr. ákvæði 6. gr. laga um húsafriðun um að allar kirkjur sem reistar eru fyrir 1918 skuli vera friðaðar. Kirkjan var byggð árið 1897 að Brettingsstöðum á Flateyrdal en tekin niður og endurreist í Flatey um 1957.



Úthlutun styrkja 2012

Upphæðir eru gefnar upp í þúsundum króna.

Heiti verkefnis	Byggingarár			Styrkur þús.kr.
Friðaðar kirkjur				
Akrakirkja, Mýrum	1899	311	Borgarnesi	300
Áskirkja, Fellum	1898	701	Egilsstöðum	600
Blönduóskirkja, eldri	1894	540	Blönduósi	400
Breiðabólstaðarkirkja, Fljótshlíð	1911	861	Hvolsvelli	500
Búrfellskirkja, Árnassýslu	1845	801	Selfossi	400
Bænhúsið í Furufirði, Ströndum	1899	401	Ísafirði	250
Djúpavogskirkja (gamla kirkjan)	1894	765	Djúpavogi	900
Eiðakirkja, Héraði	1886	701	Egilsstöðum	400
Eiríksstaðarkirkja, Jökuldal	1913	701	Egilsstöðum	600
Fríkirkjan í Hafnarfirði	1913	220	Hafnarfirði	200
Fríkirkjan í Reykjavík	1901	101	Reykjavík	0
Grenivíkurkirkja	1887	610	Grenivík	600
Grundarkirkja, Eyjafirði	1904	601	Akureyri	600
Hjaltastaðarkirkja, N-Múlasýslu	1881	701	Egilsstöðum	600
Hlíðarendakirkja, Fljótshlíð	1897	861	Hvolsvelli	400
Hraungerðiskirkja, Árnassýslu	1902	801	Selfossi	800
Keflavíkurkirkja	1914	230	Reykjanesbæ	400
Kirkjubæjarkirkja, Hróarstungu	1851	701	Egilsstöðum	400
Klyppstaðarkirkja, Loðmundarfirði	1895	720	Borgarfirði eystri	200
Kolfreyjustaðarkirkja, Fáskrúðsfirði	1878	750	Fáskrúðsfirði	400
Landakirkja, Vestmannaeyjum	1774	900	Vestmannaeyjum	400
Ljósavatnskirkja	1891	641	Húsavík	500
Minjasafnskirkjan Akureyri	1846	600	Akureyri	300
Möðruvallakirkja (fram), Eyjafirði	1848	601	Akureyri	600
Sauðaneskirkja, Langanesi	1888	681	Þórshöfn	1.300
Selárdalskirkja, Arnarfirði	1862	465	Bíldudal	700
Skeggjastaðarkirkja, Þingeyjarsýslu	1845	685	Bakkafirði	400
Stafholtskirkja, Borgarfirði	1875	311	Borgarnesi	1.200
Stokkseyrarkirkja	1886	825	Stokkseyri	600
Svínavatnskirkja, Húnavatnssýslu	1882	541	Blönduósi	400
Sæbólakirkja, Ingjaldssandi	1929	425	Flateyri	400
Vallakirkja, Svarfaðardal	1861	621	Dalvík	100
Vesturhópshólakirkja, Húnavatnssýslu	1877	531	Hvammstanga	300
Villingaholtskirkja, Árnassýslu	1911	801	Selfossi	800
Þingeyrakirkja, Hrútafirði	1864	541	Blönduósi	400
Þingvallakirkja	1859	801	Selfossi	700
Þverárkirkja, Laxárdal	1878	641	Húsavík	700
Ögurkirkja, Ísafjarðardjúpi	1859	401	Ísafirði	700
SAMTALS				19.450

Friðuð hús

Austurstræti 5, Reykjavík	1946	101	Reykjavík	200
Brekkustígur 5 A, Reykjavík	1880	101	Reykjavík	350
Brenna, Bergstaðastræti 12, Reykjavík	1881	101	Reykjavík	800
Brynja, Laugavegi 29, Reykjavík	1906	101	Reykjavík	700
Framnesvegur 24 B, Reykjavík	1922	101	Reykjavík	300

Grettisgata 11, Reykjavík	1907	101	Reykjavík	200
Háskóli Íslands - Aðalbygging, Reykjavík	1935	101	Reykjavík	0
Leikvallarskýli Héðinsvelli við Hringbraut, Reykjavík	1943	101	Reykjavík	200
Menntaskólinn í Reykjavík	1843	101	Reykjavík	0
Stöðlakot, Bókhöðustíg 6, Reykjavík	1872	101	Reykjavík	100
Tjarnargata 18, Reykjavík	1905	101	Reykjavík	300
Tjarnargata 34, Reykjavík	1925	101	Reykjavík	200
Verkamannabústaðirnir við Hringbraut, Reykjavík	1931	101	Reykjavík	600
Mávanes 4, Garðabæ	1964	210	Garðabæ	350
Norska húsið, Stykkishólmi	1832	340	Stykkishólmi	400
Pakkhúsið, Ólafsvík	1844	355	Ólafsvík	800
Faktorshúsið Neðstakaupstað, Ísafirði	1765	400	Ísafirði	0
Sönderborgarhús - norðurendi, Ísafirði	1816	400	Ísafirði	700
Sönderborgarhús - suðurendi, Ísafirði	1816	400	Ísafirði	700
Salthúsið Þingeyri	1778	470	Þingeyri	800
Riis-hús, Borðeyri	1862	500	Stað	300
Gamli barnaskólinn, Hólmavík	1903	510	Hólmavík	400
Klambrar, Vesturhópi	1880	531	Hvammstanga	200
Villa Nova, Aðalstræti 23, Sauðárkróki	1903	550	Sauðárkróki	300
Friðbjarnarhús, Aðalstræti 46, Akureyri	1849	600	Akureyri	200
Sigurhæðir, Eyrarlandsvegi 3, Akureyri	1903	600	Akureyri	300
Skriðuklaustur - Gunnarshús, Fljótsdal	1939	701	Egilsstöðum	300
Barnaskólinn, Suðurgötu 4, Seyðisfirði	1906	710	Seyðisfirði	400
Gamla-búð, Eskifirði	1816	735	Eskifirði	150
Randulffssjóhús, Eskifirði	1890	735	Eskifirði	150
Faktorshúsið, Djúpavogi	1848	765	Djúpavogi	1.700
Rjómabúið Baugsstöðum, Árnassýslu	1904	801	Selfossi	400
Seljavallalaug	1923	861	Hvolsvelli	200
Brydebúð, Vík í Mýrdal	1831	870	Vík	400
Ráðhús Vestmannaeyja	1927	900	Vestmannaeyjum	800

SAMTALS

13.900

Aðrar kirkjur

Hallgrímskirkja, Reykjavík	1945	101	Reykjavík	0
Kvennabrekkukirkja	1925	371	Búðardal	350
Upsakapella	1903	621	Dalvík	150

SAMTALS

500

Hús á safnasvæðum

Garðahús, Byggðasafni Akraness og nærsveita	1876	300	Akranesi	500
Geirstaðir, Byggðasafni Akraness og nærsveita	1903	300	Akranesi	0
Sandar, Byggðasafni Akraness og nærsveita	1901	300	Akranesi	0
Gæruhús, Akureyri	1900	600	Akureyri	0
Gamlabúð, Höfn, Hornafirði	1864	780	Höfn í Hornafirði	500

SAMTALS

1.000

Reykjavík

Bauganes 21	1930	101	Reykjavík	0
Bankastræti 10	1902	101	Reykjavík	200
Bergstaðastræti 14	1923	101	Reykjavík	0
Bergstaðastræti 20	1902	101	Reykjavík	200
Bergstaðastræti 40	1903	101	Reykjavík	0

Bjargarstígur 12	1903	101	Reykjavík	0
Bókhlöðustígur 8	1898	101	Reykjavík	0
Bræðraborgarstígur 20	1905	101	Reykjavík	0
Grundarstígur 10	1915	101	Reykjavík	200
Grundarstígur 6	1906	101	Reykjavík	0
Hverfisgata 45	1914	101	Reykjavík	0
Kirkjutorg 6	1903	101	Reykjavík	0
Laufásvegur 42	1907	101	Reykjavík	200
Laufásvegur 59	1926	101	Reykjavík	0
Lækjargata 8	1871	101	Reykjavík	500
Óðinsgata 8 B	1909	101	Reykjavík	100
Sjafnargata 2	1930	101	Reykjavík	0
Smiðjustígur 11	1893	101	Reykjavík	200
Vatnsstígur 9	1904	101	Reykjavík	0
Veghúsastígur 1	1898	101	Reykjavík	300
Vesturgata 50	1895	101	Reykjavík	100
Vesturgata 61	1881	101	Reykjavík	200
Vesturgata 6-8	1882	101	Reykjavík	0
Öldugata 55	1927	101	Reykjavík	0
Selvogsgrunn 10	1955	104	Reykjavík	0
Laugarnesvegur 57		105	Reykjavík	0
Hagamelur 34	1958	107	Reykjavík	0
Hofsvallagata 55	1951	107	Reykjavík	0
Hringbraut 71-73	1937	107	Reykjavík	0
Bústaðablettur 10	1946	108	Reykjavík	0
SAMTALS				2.200

Reykjanes

Gamla Guttó, Suðurgötu 7, Hafnarfirði	1886	220	Hafnarfirði	0
Lyngbarð 2, Hafnarfirði	1921	220	Hafnarfirði	0
Óttarsstaðir vestri	1902	220	Hafnarfirði	250
Duus-hús, Keflavík	1877	230	Reykjanesbæ	1.200
Vesturbraut 10, Grindavík	1912	240	Grindavík	300
Álafossvegur 27, Mosfellsbæ	1896	270	Mosfellsbæ	0
Lynghóll, Miðdal	1939	270	Mosfellsbæ	250
SAMTALS				2.000

Vesturland

Akurgerði 4, Akranesi	1930	300	Akranesi	0
Gamli vitinn á Breiðinni, Akranesi	1918	300	Akranesi	0
Krókatún 1, Akranesi	1908	300	Akranesi	250
Bjarg, Borgarnesi	1929	310	Borgarnesi	200
Brákarbraut 11, Borgarnesi	1876	310	Borgarnesi	550
Brákarbraut 27, Borgarnesi	1940	310	Borgarnesi	0
Egilsgata 8, Borgarnesi	1906	310	Borgarnesi	0
Hlíðartúnshús, Borgarnesi	1919	310	Borgarnesi	300
Háafell, Skorradal	1930	311	Borgarnesi	150
Hálsar 2, Borgarbyggð	1915	311	Borgarnesi	0
Leikfimiús, Hvanneyri, Borgarfirði	1911	311	Borgarnesi	550
Aðalgata 6, Stykkishólmi	1901	340	Stykkishólmi	0
Reitarvegur 4, Stykkishólmi	1904	340	Stykkishólmi	0
Skólastígur 8, Stykkishólmi	1885	340	Stykkishólmi	0
Hlíð, Hellissandi	1908	360	Hellissandi	0

Gamla verslunarhúsið, Skarðsströnd	1900	371	Búðardal	0
Röðull, Hvalgrafalandi, Dalabyggð	1939	371	Búðardal	300
Sauðafell, Dölum	1897	371	Búðardal	500
Ólafsdalur - skólahús, Reykhólahreppi	1896	380	Reykhólahreppi	700

SAMTALS

3.500

Vestfirðir

Aðalstræti 37, Ísafirði	1873	400	Ísafirði	400
Mánagata 4, Ísafirði	1920	400	Ísafirði	400
Mjallargata 5, Ísafirði	1856	400	Ísafirði	400
Silfurgata 6, Ísafirði	1905	400	Ísafirði	0
Silfurgata 7, Ísafirði	1906	400	Ísafirði	0
Sundstræti 33, Ísafirði	1895	400	Ísafirði	300
Tangagata 17, Ísafirði	1903	400	Ísafirði	0
Timburhúsið, Reykjafirði, Hornströndum	1898	401	Ísafirði	0
Ísafjarðarvegur 6, Hnífsdal	1902	410	Hnífsdal	0
Hafnargata 41, Bolungarvík	1902	415	Bolungarvík	250
Hafnargata 9, Bolungarvík	1912	415	Bolungarvík	0
Hafnarstræti 7, Flateyri	1880	425	Flateyri	0
Hafnarstræti 9, Flateyri	1884	425	Flateyri	300
Svartahúsið, Flateyrorodda, Flateyri	1867	425	Flateyri	0
Rómarstígur 2-6, Suðureyri		430	Suðureyri	0
Skipagata 2 - hjallur, Suðureyri	1910	430	Suðureyri	50
Aðalstræti 1, Patreksfirði	1918	450	Patreksfirði	0
Aðalstræti 14, Patreksfirði	1910	450	Patreksfirði	150
Aðalstræti 16, Patreksfirði	1929	450	Patreksfirði	200
Aðalstræti 17, Patreksfirði	1939	450	Patreksfirði	0
Aðalstræti 27, Patreksfirði	1934	450	Patreksfirði	0
Aðalstræti 50, Patreksfirði	1925	450	Patreksfirði	200
Aðalstræti 7, Patreksfirði	1927	450	Patreksfirði	150
Mikladalsvegur 4, Patreksfirði	1900	450	Patreksfirði	0
Mikladalsvegur 5, Patreksfirði	1900	450	Patreksfirði	300
Pakkhúsið Vatneyri, Patreksfirði	1896	450	Patreksfirði	0
Strandgata 19, Patreksfirði	1900	450	Patreksfirði	0
Vélsmiðjan (Sjóræningjasetur), Patreksfirði	1900	450	Patreksfirði	1.400
Hagi - heimtröð, Barðaströnd		451	Patreksfirði	0
Holt, Barðaströnd	1934	451	Patreksfirði	0
Láginúpur - Hesthúsið, Kollsvík, Vesturbyggð		451	Patreksfirði	150
Sauðlauksdalur - gamla prestssetrið	1900	451	Patreksfirði	500
Dunhagi (Stúkuhús), Tálknafirði	1931	460	Tálknafirði	0
Sveinseyri - gamli bærinn, Tálknafirði	1880	460	Tálknafirði	200
Dalbraut 35, Bíldudal	1901	465	Bíldudal	0
Fremri Hvesta, Arnarfirði	1903	465	Bíldudal	0
Rafstöðvarhúsið, Bíldudal	1918	465	Bíldudal	500
Smiðjustígur 1, Bíldudal	1894	465	Bíldudal	250
Strandgata 5, Bíldudal	1902	465	Bíldudal	0
Sælundur, Bíldudal	1898	465	Bíldudal	0
Brekkugata 7, Þingeyri	1922	470	Þingeyri	0
Fjarðargata 13, Þingeyri	1904	470	Þingeyri	600
Fjarðargata 14, Þingeyri	1895	470	Þingeyri	200
Fjarðargata 4 A, Þingeyri	1881	470	Þingeyri	200
Vélsmiðja Guðmundar J. Sigurðssonar, Þingeyri	1913	470	Þingeyri	300
Arnarnúpur, Keldudal, Dýrafirði	1938	471	Þingeyri	200
Barnaskólinn Arnarnúpi, Keldudal, Dýrafirði	1911	471	Þingeyri	300

Botn, Geirþjófsfirði	1886	471	Pingeyri	0
Hólar, Dýrafirði	1913	471	Pingeyri	0
Hrafnabjörg, Lokinhamradal, Arnarfirði	1900	471	Pingeyri	200
Kaupfélagshús, Óspakseyri	1900	500	Stað	0
Bragginn, Brekkugötu 4, Hólmavík	1944	510	Hólmavík	0
Höfðagata 1, Hólmavík	1911	510	Hólmavík	0
Riis-hús, Hólmavík	1897	510	Hólmavík	250
Ármúli, Langadalsströnd	1875	512	Hólmavík	0
Síldarverksmiðjan Djúpavík, Ströndum	1935	520	Drangnesi	700
Eyri - Síldarverksmiðja, Ingólfsfirði	1942	524	Norðurfirði	350
Timburskemma (hákarlahjallur), Dröngum	1865	524	Norðurfirði	0
SAMTALS				9.400

Norðurland

Brekkugata 2, Hvammstanga	1910	530	Hvammstanga	250
Klapparstígur 1, Hvammstanga	1908	530	Hvammstanga	100
Saurar - íbúðarhús, Miðfirði	1930	531	Hvammstanga	150
Stóra-Borg - gamla veiðihúsið, Vesturhópi	1885	531	Hvammstanga	500
Aðalgata 10, Blönduósi	1906	540	Blönduósi	0
Hillebrandtshús, Blönduósi	1877	540	Blönduósi	100
Kvennaskólinn Blönduósi	1911	540	Blönduósi	0
Hjallaland, Vatnsdal	1881	541	Blönduósi	600
Kornsá - Sýslumannshúsið, Vatnsdal	1879	541	Blönduósi	0
Aðalgata 9, Sauðárkróki	1900	550	Sauðárkróki	300
Skógargata 10 B, Sauðárkróki	1901	550	Sauðárkróki	150
Skógargata 17 B, Sauðárkróki	1901	550	Sauðárkróki	200
Skefilsstaðir, Skagafirði	1926	551	Sauðárkróki	0
Tyrfingsstaðir, Skagafirði	1870	560	Varmahlíð	300
Aðalgata 20, Siglufirði	1914	580	Siglufirði	150
Aðalgata 25, Siglufirði	1861	580	Siglufirði	150
Hávegur 60, Siglufirði	1894	580	Siglufirði	300
Hvanneyrarbraut 66, Siglufirði	1907	580	Siglufirði	0
Norðurgata 1, Siglufirði	1884	580	Siglufirði	100
Hafnarstræti 107 B, Akureyri	1906	600	Akureyri	300
Hafnarstræti 86 A, Akureyri	1920	600	Akureyri	500
Lundargata 8 B, Akureyri	1898	600	Akureyri	0
Strandgata 41, Akureyri	1901	600	Akureyri	0
Gamli barnaskólinn Skógum	1908	601	Akureyri	300
Leikhúsið (pakkhús), Möðruvöllum í Hörgárdal	1881	601	Akureyri	300
Ólafarhús, Hlöðum, Hörgársveit	1888	601	Akureyri	300
Öngulsstaðir, Eyjafirði		601	Akureyri	500
Árgerði, Dalvík	1947	620	Dalvík	150
Ungmennafélagshús, Hafnarbraut 29, Dalvík	1930	620	Dalvík	0
Sundskáli Svarfdæla, Húsabakka	1929	621	Dalvík	0
Kirkjuvegur 19, Ólafsfirði	1887	625	Ólafsfirði	0
Kvíabekkur, Reykjaheiðarvegi, Húsavík	1921	640	Húsavík	100
Héðinshöfði - gamla íbúðarhúsið, Tjörnesi	1880	641	Húsavík	0
Laxamýri - gamla íbúðarhúsið, Aðaldal	1874	641	Húsavík	150
Lundarbrekka III, Bárðardal	1923	641	Húsavík	100
Óskarsstöð, Raufarhöfn	1949	675	Raufarhöfn	800
Heiði, Langanesi	1930	681	Þórshöfn	0
SAMTALS				6.850

Austurland

Halldórshús, Bakkafirði	1902	685	Bakkafirði	700
Hafnarbyggð 4, Vopnafirði	1884	690	Vopnafirði	0
Breiðavað, Eiðapinghá	1903	701	Egilsstöðum	0
Hjarðarhagi, Jökuldal		701	Egilsstöðum	200
Austurvegur 15, Seyðisfirði	1890	710	Seyðisfirði	0
Austurvegur 23, Seyðisfirði	1898	710	Seyðisfirði	250
Austurvegur 3, Seyðisfirði	1908	710	Seyðisfirði	200
Austurvegur 38 B, Seyðisfirði	1925	710	Seyðisfirði	200
Austurvegur 42, Seyðisfirði	1907	710	Seyðisfirði	200
Austurvegur 51, Seyðisfirði	1907	710	Seyðisfirði	0
Bjólfgata 4, Seyðisfirði	1860	710	Seyðisfirði	0
Bjólfgata 8, Seyðisfirði	1907	710	Seyðisfirði	200
Bryggjuhúsin, Hafnargötu 35-37, Seyðisfirði	1881	710	Seyðisfirði	600
Fjörður 6, Seyðisfirði	1907	710	Seyðisfirði	200
Hafnargata 10, Seyðisfirði	1887	710	Seyðisfirði	0
Hafnargata 14, Seyðisfirði	1900	710	Seyðisfirði	200
Hafnargata 25, Seyðisfirði	1882	710	Seyðisfirði	350
Hafnargata 34, Seyðisfirði	1907	710	Seyðisfirði	200
Hafnargata 44, Seyðisfirði	1894	710	Seyðisfirði	0
Norðurgata 2, Seyðisfirði	1919	710	Seyðisfirði	0
Norðurgata 3, Seyðisfirði	1899	710	Seyðisfirði	250
Norðurgata 6, Seyðisfirði	1902	710	Seyðisfirði	250
Oddagata 4 C, Seyðisfirði	1938	710	Seyðisfirði	200
Selsstaðir, Seyðisfirði	1926	710	Seyðisfirði	0
Suðurgata 8, Seyðisfirði	1898	710	Seyðisfirði	0
Sundhöll Seyðisfjarðar	1945	710	Seyðisfirði	0
Útvegur 7, Seyðisfirði	1880	710	Seyðisfirði	200
Vestdalseyri, Seyðisfirði	1923	710	Seyðisfirði	150
Vesturvegur 3, Seyðisfirði	1906	710	Seyðisfirði	300
Vesturvegur 4, Seyðisfirði	1903	710	Seyðisfirði	250
Vesturvegur 5, Seyðisfirði	1878	710	Seyðisfirði	150
Vjelasmíðja Jóhanns Hanssonar, Seyðisfirði	1907	710	Seyðisfirði	0
Búðargata 4, Reyðarfirði	1870	730	Reyðarfirði	0
Strandgata 30 A, Eskifirði	1880	735	Eskifirði	600
Strandgata 86 B, Eskifirði	1936	735	Eskifirði	200
Þiljuvellir 11, Neskaupstað	1912	740	Neskaupstað	500
Hafnargata 15, Fáskrúðsfirði	1886	750	Fáskrúðsfirði	200
Gamla Kaupfélagshúsið, Breiðdalsvík	1906	760	Breiðdalsvík	0
Jórvík, Breiðdal	1928	760	Breiðdalsvík	1.000
Hótel Framtíð, Vogalandi 4, Djúpavogi	1905	765	Djúpavogi	0
Strýta, Hamarsfirði	1920	765	Djúpavogi	600
SAMTALS				8.350

Suðurland

Fiskhóll 5, Höfn í Hornafirði	1906	780	Höfn í Hornafirði	250
Hafnarbraut 2, Höfn í Hornafirði	1897	780	Höfn í Hornafirði	0
Hnappavellir 4 - Miðbær, Örfæum	1937	785	Örfæum	0
Tryggvaskáli, Selfossi	1890	800	Selfossi	300
Galtafell - Sumarhús Einars Jónssonar, Hrunamannahreppi	1923	801	Selfossi	150
Hlíðarendi, Ölfusi	1914	801	Selfossi	0
Þingborg, Flóahreppi	1927	801	Selfossi	0

Eyri, Eyrargötu 39 A, Eyrarbakka	1907	820	Eyrarbakka	0
Ísaksbær, Eyrarbakka	1884	820	Eyrarbakka	0
Kaldbakur, Eyrarbakka	1906	820	Eyrarbakka	200
Kirkjubær, Eyrarbakka	1918	820	Eyrarbakka	0
Litla-Háeyri - skemma, Eyrarbakka		820	Eyrarbakka	0
Óðinshús - Rafstöðin, Eyrarbakka	1913	820	Eyrarbakka	0
Prestshús, Eyrarbakka	1906	820	Eyrarbakka	0
Sandvík II, Túngötu 46, Eyrarbakka	1900	820	Eyrarbakka	0
Ás, Ásahreppi	1900	851	Hellu	200
Hlaða við Hellnahelli, Landsveit	1942	851	Hellu	0
Hamragarðar, Rangárþingi eystra	1908	861	Hvolsvelli	300
Sauðhúsvöllur, Rangárþingi eystra	1800	861	Hvolsvelli	350
Halldórsverslun, Víkurbraut 21, Vík	1903	870	Vík	350
Skemma sem hýsir Skaftfelling, Vík	1958	870	Vík	0
Víkurbraut 20 A, Vík	1902	870	Vík	0
Blómsturvellir - Rafstöðvarhús, V-Skaftafellssýslu	1926	880	Kirkjubæjarklaustri	150
Kálfafellskot, Fljótshverfi	1931	881	0	200
Vesturvegur 17 B, Vestmannaeyjum	1911	900	Vestmannaeyjum	0

SAMTALS

2.450

Rannsóknarverkefni

Af jörðu. Torfhús í íslensku landslagi	800
Björgun arkitektúrs: gagnagrunnur og geymsla gamalla byggingarluta	500
Die Moderne Architectur in Island - þýðing doktorsritgerðar Atla M. Seelow	0
Eyðibýli á Íslandi - skráning, varðveisla og nýting í ferðapjónustu	1.200
Gunnlaugsbók - yfirlitsrit um ævi og verk Gunnlaugs Halldórssonar arkitekts	700
Handbók um íslenska hleðslutækni	400
Handverkshefð torfhúsa	300
Högna Sigurðardóttir arkitekt - bók um verk Högnu	300
Íslensk byggingarsaga - Áhrif frá Bretlandseyjum	400
Kirkjur Íslands	7.000
Könnun á eyðibýlum í Öxarfirði og á Melrakkasléttu	0
Ofanleitiskapella Högnu Sigurðardóttur arkitekts	0
Sauðafell, Dölum - Rannsókn	250
Torbæjarmyndir Guðmundar Ingólfssonar (ljósmyndir)	0
Torfið og tilveran	300
Óráðstafað	1.400

SAMTALS

13.550


Byggða- og húsakönnun


Dalvík	700
Djúpivogur	400
Dreifibýli Árnassýslu	450
Fjarðabyggð	1.000
Hvanneyri	450
Norðurþing	800
Reykir, Ölfusi	450
Selfoss	600
Siglufjörður	1.100
Suðureyri	400

SAMTALS

6.350

Samantekt styrkja 2012	Fjöldi umsókna	Nýjar ums.	Fjöldi styrkja	Styrkir í þús. kr.
Friðaðar kirkjur	38	2	37	19.450
Aðrar kirkjur	3	1	2	500
Friðuð hús	35	7	32	13.900
Hús á safnasvæðum	5	0	2	1.000
Reykjavík	30	11	10	2.200
Reykjanes	7	1	4	2.000
Vesturland	19	4	9	3.500
Vestfirðir	58	17	29	9.400
Norðurland	37	9	25	6.850
Austurland	41	5	26	8.350
Suðurland	25	4	10	2.450
Rannsóknaverkefni	15	8	11	13.550
Húsakannanir	10	3	10	6.350
	323	72	207	89.500





Skipting úthlutunarfjár eftir verkefnum